

Embætti sérstaks saksóknara.

Alþingi
Erindi nr. P 137/573
komudagur 8.7.2009

Reykjavík 7. 7. 2009.

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 26. júní sl. fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn embættis sérstaks saksóknara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, ráðstafanir til riftunar þrotamanna, mál nr. 31.

Undirritaður sérstakur saksóknari hefur farið yfir frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við efni ofangreinds þess.

F. h. Sýslumannafélagið Ísland

Olafur P. Hauksson.





Alþingi
Erindi nr. P 137/591
komudagur 10.7.2009

Nefndasvið Alþingis
B.t. Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. júlí 2009

Efni: Umsögn FÍŚ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., 31. mál.

I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtrar allsherjarnefndar Alþingis dagsett 26. júní 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍŚ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

FÍŚ gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Félagið þakkar fyrir að til þess hafi verið leitað.

II. Annað

FÍŚ áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.
Lögmaður Félags Íslenskra Stórkaupmanna





Félags löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 137/722
komudagur 17.8.2009

Reykjavík 9. júlí 2009
Tilv. FLE 25-2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Elíнар Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara

Málefni: Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., 31. mál.

Með bréfi dags. 24. júní s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið síðan til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 137/548

komudagur 7.7.2009

Nefndasvið Alþingis
b/t Allsherjarnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

7. júlí 2009

Tilvísun: 2009060094

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., frestir til riftunar ráðstafana þrotamanna, 31. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 26. júní sl., þar sem Allsherjarnefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., frestir til riftunar ráðstafana þrotamanna, 31. mál.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Ragnar Hafliðason


Árný J. Guðmundsdóttir

Alþingi
Erindi nr. **P** 137/515
komudagur 6.7.2009



Alþingi
allsherjamefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 02.07.2009
200906783
60.12
EJ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., 31. mál.

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Einar Jónsson lögfr.

Alþingi
Erindi nr. P 137/592
komudagur 10. 7. 2009

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. júlí 2009

Efni: Ábendingar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., 31. mál, lagt var fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi, 26. maí s.l.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, þá er markmið þess að tryggja að hægt verði að ganga frá þeim málum sem upp koma í kjölfar bankahrunsins án þess að hætta sé á að hagsmunir spillist vegna álags og tímaskorts. Í frumvarpinu er lagt til að frestir til riftunar ráðstafana þrotamanns á tímabilinu frá 6. október 2008 til 31. desember 2011, miðist við fjögur ár. Gerir slitastjórn Kaupþings banka hf. ekki efnislegar athugasemdir við þá tillögu, en vill benda á nauðsyn þess að lengja jafnframt málshöfðunarfresti í riftunarmálum á grundvelli sömu sjónarmiða.

Gjaldþrotaskiptalögin gera aðeins ráð fyrir sex mánaða fresti ef höfða þarf dómsmál til að koma fram riftun, sem byrjar að meginreglu að líða við lok kröfulýsingarfrests, sbr. 148. gr. laganna. Þótt sá varnagli sé í gjaldþrotaskiptalögum að málshöfðunarfresturinn geti byrjað að líða síðar en við lok kröfulýsingarfrests, t.d. í þeim tilvikum þar sem skiptastjóri átti ekki kost að gera riftunarkröfuna fyrr, þá eru þau viðmið mjög óljós.


Fyrir liggur að bókhaldsrannsóknir gömlu bankanna hér á landi verða mjög umfangsmiklar og tímafrekar og þau mál sem rannsaka þarf eru mörg hver mjög flókin yfirferðar. Með hliðsjón af því og þeim sérstöku aðstæðum hér á landi, telur slitastjórn Kaupþings banka hf. augljóst að 6 mánaða lágmarks málshöfðunarfresturinn, sem gefinn er í 148 gr. gjaldþrotaskiptalaganna, er of stuttur.

Með hliðsjón af markmiði riftunarreglna um jafnræði kröfuhafa við úthlutun úr þrotabúi, telur slitastjórn Kaupþings banka hf. nauðsynlegt að málshöfðunarfrestur skv. lagagreininni verði lengdur í 12 mánuði, a.m.k. tímabundið, til að slitastjórnir bankanna geti betur lagt mat á það hvort ráðstafanir séu riftanlegar. Er viðbúið að fjöldi riftunarmála, er tengjast bankahruninu hér á landi, verði umtalsverður og því eðlilegt og sanngjarnt að lengja tímabil málshöfðunar, með hagsmuni kröfuhafa og almenns viðskiptalífs að leiðarljósi og til að jafna álag á dómsstóla landsins.

Ef farið yrði eftir þessum ábendingum, sem hér er óskað eftir, væru auknar líkur á að það næðist fram jafnræði meðal kröfuhafanna án þess að gengið væri gegn rétti þeirra aðila sem hagsmuni eiga að málinu, enda er ekki verið að raska þeim reglum sem um riftun gilda í gjaldþrotaskiptalögum og er því ekki íþyngjandi breyting á lögnum.

Ábending þessi er jafnframt send dómsmálaráðuneytinu þar sem slitastjórnin telur nauðsyn vera á þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til, hvort sem lagafrumvarp þetta verður samþykkt eður ei.

f.h. Slitastjórnar Kaupþings banka hf.


Teidis K. Eðskisd

Afrit sent:
Dómsmálaráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík.



SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Dagsetning

Reykjavík 7. júlí 2009

Tilvísun

Alþingi
Erindi nr. P/137/590
komudagur 10.7.2009

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Sýslumanninum í Reykjavík hefur borist bréf Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 26. júní sl., þar sem sýslumanni er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti ofl.

Efni frumvarpsins hefur ekki áhrif á þá starfsemi sem fellur undir embætti sýslumannsins í Reykjavík og því eru ekki gerðar athugasemdir við það.

Virðingarfyllt
f.h. sýslumannsins í Reykjavík


Þuríður Arnadóttir
skrifstofustjóri



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 137/503
komudagur 3.7.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. júní 2009.


Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., 31. mál, lagt fyrir 137. löggjafarþing Alþingis 2009.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 26. júní sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Efnisákvæði frumvarpsins hafa ekki bein áhrif á innheimtu opinberra gjalda eða aðra starfsemi embættisins. Það er hins vegar mat Tollstjóra að verði frumvarpið að lögum geti það í vissum tilvikum leitt til þess að auknir fjármunir verði til skipta við gjaldþrotaskipti á búum einstaklinga og fyrirtækja og þannig leitt til þess að kröfuhafar fái hærra hlutfall krafna sinna greitt við gjaldþrotaskiptin en annars.

Með vísan til ofanritaðs og þess ástands sem skapast hefur í þjóðfélaginu í aðdraganda og í kjölfar bankahrunsins er það mat embættisins að hagsmunum hins opinbera sé betur borgið með því að lengja tímabundið riftunarfresti í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,


Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/567
komudagur 8.7.2009



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar V. Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. júlí 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldbrotaskipti (31. mál).
Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að frestur til riftunar ráðstafana þrotamanns verði tímabundið lengdur í 4 ár.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs